

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022,
námur við Þingskálaveg.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 17. ágúst 2012 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 10. ágúst 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 16. ágúst 2012.

Í breytingunni felst að í landi Svínhaga og Þingskála er gert ráð fyrir þremur efnistökusvæðum þar sem vinna má allt að 10.000 m³ efnis á hverju svæði fyrir sig.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 17. ágúst 2012.

Stefán Thors.

Hlynur Torfi Torfason.

—————
B-deild – Útgáfud.: 31. ágúst 2012